

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2015.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2015 skal vera 140 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á framleiðsluárinu 1. janúar til 31. desember 2014.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Um aðilaskipti að greiðslumarki fer samkvæmt reglugerð um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum.

3. gr.

Nýting greiðslumarks.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Greiðslutilhögun afurðastöðvar vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með þeim hætti að greiðslur vegna ónotaðs greiðslumarks skulu ganga hlutfallslega til annarra greiðslumarks-hafa. Skal fyrst greitt fyrir fyrsta prósentustig sem greiðslumarkshafi framleiðir umfram eigið greiðslumark og síðan annað prósentustig og svo áfram eftir því sem ónotað greiðslumark gefur tilefni til.

Framleiðsla umfram greiðslumark skal fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Framkvæmdaneftir búvörusamninga getur þó gefið skriflega heimild til sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Öll mjólk sem sold er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli skal reiknast með í uppgjöri greiðslumarks fyrir lögbýlið.

Mjólk sem unnið er úr til sölu á sama lögbýli og framleiðsla fer fram telst til framleiðslu innan greiðslumarks.

Bændasamtök Íslands safna skýrslum um framleiðsluna.

4. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsári (framleiðsluárár) fellur niður, enda hafi Matvælastofnun tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu hjá Matvælastofnun, allt til 31. desember 2016 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

5. gr.

Beingreiðslur.

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðenda mjólkur og greiðist mánaðarlega úr ríkissjóði til handhafa beingreiðslna, sbr. 55. gr. laga nr. 99/1993. Beingreiðslur fyrir verðlagsárið 2015 skulu vera 5.591,8 milljónir kr. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- a) 40% beingreiðslna skal greiða greiðslumarkshöfum óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 100% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. janúar 2015.

- b) 35% beingreiðslna skal greiða greiðslumarkshöfum eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. mars 2015.
- c) 25% beingreiðslna skal ráðstafa til greiðslumarkshafa, vegna framleiðslu innan greiðslumarks, eftir einstökum mánuðum, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Janúar	0%
Febrúar	0%
Mars	0%
April	0%
Maí	0%
Júní	15%
Júlí	15%
Ágúst	15%
September	15%
Október	15%
Nóvember	15%
Desember	10%

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt samkvæmt stafliðum a og b að ofan hlutfallslega út á heildarframleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis í samræmi við 3. gr.

Verði mjólkurframleiðsla minni en sem nemur heildargreiðslumarki þannig að beingreiðslur ganga ekki út samkvæmt þessari reglu, skal ónotuðum beingreiðslum jafnað út á allt innvegið mjólkurinnlegg greiðslumarkshafa.

Framleiðendur geta einungis öðlast rétt til beingreiðslna fyrir mjólk sem framleidd er á því lögbýli sem greiðslumark fylgir innan þess framleiðslutímabils sem reglugerð þessi nær yfir.

Öll mjólk sem seld er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli og heimaunnin mjólk samkvæmt ákvæðum 3. gr. skal reiknast með í uppgjöri greiðslumarks fyrir lögbýlið.

6. gr.

Handhafar beingreiðslna.

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Matvælastofnun allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

7. gr.

Uppgjör beingreiðslna.

Sjái handhafi beingreiðslna fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til 100% af beingreiðslum framleiðslutímabilsins, ber honum að tilkynna það Matvælastofnun, sem þá skal haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi fram við lok framleiðslutímabilsins, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

Afurðastöð skal senda Matvælastofnun tilkynningu um stöðvun mjólkurinnleggs, ef mjólkurinnlegg framleiðanda fellur niður í heilan mánuð eða lengri tíma.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Matvælastofnun reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur, heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því og lætur afurðastöðvum og búnaðar-

samböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Matvælastofnun aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skyld að láta Matvælastofnun í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf Matvælastofnunar og þau geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögþýla.

Matvælastofnun skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögþýla. Framleiðendur eiga þess kost að koma á framfæri athugasemdum og skulu þær berast Matvælastofnun innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir framleiðslutímabilið. Matvælastofnun endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Matvælastofnun ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu endurútreikningsins gildir hann fyrir hlutaðeigandi framleiðslutímabil. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til sjávar-útvegs- og landbúnaðarráðherra, sbr. 10. gr.

10. gr.

Kæruheimild.

Ágreining um ákvörðun á greiðslumarki lögþýlis, skráningu á greiðslumarki og um rétt til beinna greiðslna er heimilt að kæra til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Ráðstöfun greiðslna vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi.

Greiðslum vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum, skal ráðstafað samkvæmt reglum í viðauka I.

12. gr.

Ráðstöfun óframleiðslutengds og/eða minna markaðstruflandi stuðnings.

Óframleiðslutengdur og/eða minna markaðstruflandi stuðningur að fjárhæð 193,4 milljónir kr. skal greiddur í janúar 2015 til Bændasamtaka Íslands, sem annast úthlutun fjárins. Ráðstöfun fjárins skal vera sem hér segir:

1. Ræktunarverkefni: 98,2 milljónum kr. skal varið til gras- og grænfóðurræktar í samræmi við reglur í viðauka II og III.
2. Skipting á 95,2 milljónum kr. til kynbótaverkefna, þróunarverkefna í nautgriparsækt og til nýliðunar í stétt mjólkurframleiðenda, skal vera sem hér segir:
 - a. Kynbótaverkefni: 54,8 milljónir kr. sem skal ráðstafa samkvæmt reglum í viðauka IV.
 - b. Til nýliðunar í stétt mjólkurframleiðanda: 27,1 milljónir kr. sem skal ráðstafa samkvæmt reglum í viðauka V.
 - c. Þróunarfé til rannsókna- og/eða þróunarverkefna í nautgriparsækt: 13,3 milljónir kr. sem skal ráðstafa samkvæmt reglum í viðauka VI.

13. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi frá og með 1. janúar 2015 og gildir til 31. desember 2015.

Nr. 1101

5. desember 2014

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögþýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014 og auglýsingar nr. 692/2013, 702/2014, 707/2013, 708/2013, 776/2013 og 1/2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. desember 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.

VIÐAUKI I

Verklagsreglur um ráðstöfun fjármuna til kynbóta- og þróunarstarfsemi.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármuna til kynbóta- og þróunarstarfsemi samkvæmt grein 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Við framkvæmd reglnanna skal leitast við að ná markmiðum samningsins.

2. gr.

Árlegum framlögum samkvæmt lið 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar frá 10. maí 2004, með síðari breytingum, skulu Bændasamtök Íslands ráðstafa til aðila (búnaðarsambands eða sambærilegs aðila) sem rekur starfsemi í nautgripasæðingum.

3. gr.

Framlag ríkisins er greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum og skiptist milli viðtakenda á grundvelli magns innveginnar mjólkur á starfssvæðinu í næstliðnum mánuði. Þannig er framlagi vegna janúar skipt á grundvelli framleiðslu í næstliðnum desembermánuði.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa allt að 3% árlegrar fjárveitingar til að styrkja mikilvæg sameiginleg verkefni í kynbótastarfini, s.s. kvíguskoðun o.fl.

5. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 6.2. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum.

VIÐAUKI II

Verklagsreglur um ráðstöfun framlaga til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns úr jarðræktarsjóði vegna jarðræktar og hreinsunar affallsskurða, skv. 5. gr. samnings frá 28. september 2012, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, sbr. gr. 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, frá 10. maí 2004, með síðari breytingum, og gr. 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, frá 25. janúar 2007, með síðari breytingum.

Við framkvæmd þessara reglna skal leitast við að ná markmiðum ofangreindra samninga.

2. gr.

Ár hvert auglýsa Bændasamtök Íslands, t.d. í Bændablaðinu, eftir umsækjendum um framlög vegna jarðræktar og hreinsunar á affallsskurðum. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka

Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té, eða á rafrænu formi, eigi síðar en 10. september ár hvert vegna framkvæmda á árinu.

Í umsókn bús um framlög samkvæmt 3. gr. skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktad er á. Jafnframt skal umsækjandi, ef óskað er eftir, leggja fram gögn um að hann hafi ÍSAT-númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og virðisaukaskattsnúmer.

Í umsókn aðila um framlög samkvæmt 4. gr. skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda. Umsókn skal fylgja uppdráttur af framkvæmdasvæði og staðfesting eigenda lands á samþykki fyrir framkvæmdinni.

3. gr.

Framlög má veita til sáningar á ræktarlandi þar sem korn-, tún-, grænföður- og olíujurtarækt er ætluð til föður- og matvælaframleiðslu, beitar eða iðnaðar. Framlög má aðeins veita ef heildarflatarmál ræktunarinnar er a.m.k. 2 ha. Uppskera er kvöð.

Framlag á hvern ha fyrir hvert bú er kr. 17.000 á ha frá 1-30 ha og kr. 12.000 á ha frá 30-60 ha. Framangreind stærðarmörk eru 2,5 sinnum hærri á svínabúum. Greitt er út á heila ha og venjulegar reglur um upphækkanir gilda. Framlög skerðast á hvern ha hlutfallslega ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður deilist hann jafnt á alla ræktanda ha.

4. gr.

Þá má veita framlög til hreinsunar affallsskurða. Framlög má veita til upphreinsunar á stórum affallsskurðum sem taka við vatni af stóru vatnasvæði. Skilyrði er að skurðirnir séu hreinsaðir bakka á milli og séu minnst 6 m breiðir að ofan.

Framlag á hvern kílómetra er kr. 125.000. Greitt er út á hundruð metra og venjulegar reglur um upphækkanir gilda. Framlög má aðeins veita ef heildarlengd er a.m.k. 100 metrar.

Á hverju ári skulu allt að kr. 10.000.000 renna til hreinsunar affallsskurða. Framlög skerðast á hvern kílómetra hlutfallslega ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður skal hann ekki deilast út.

5. gr.

Bændasamtök Íslands annast úthlutun framlaga samkvæmt þessum reglum.

6. gr.

Umsækjendur um framlög samkvæmt 3. gr. geta verið bú, þ.e. rekstrareiningar þar sem búnaðargjaldsskyld starfsemi er stunduð og hafa sérstakt virðisaukaskattsnúmer.

Með svínabúi, sbr. 2. mgr. 3. gr. þessara reglna, er átt við bú þar sem stunduð er starfsleyfis-skyld ræktun, eldi eða sala á svínum, haldnar eru að jafnaði a.m.k. 10 fengnar eða mjólkandi gyltur ásamt grísum eða þar sem er sambærileg ræktun eða eldi að mati ráðunauts, og þar sem uppskera ræktunar sem framlög fást til er til notkunar á viðkomandi búi.

Umsækjendur um framlög samkvæmt 4. gr. geta verið bú, sbr. 1. mgr., búnaðarfélög, sveitarfélög, ræktunarsambönd o.fl.

7. gr.

Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt. Um úttektina gilda verklagsreglur í viðauka III. Til að standast úttekt þarf m.a. að liggja fyrir viðurkennt túnkort af ræktarlandinu, t.d. úr túnkortagrunni Bændasamtaka Íslands.

Úttektir á framkvæmdum skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember á sama ári eftir að umsókn berst og skulu styrkir greiddir fyrir árslok.

8. gr.

Bændasamtök Íslands skulu árlega skila yfirliti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um heildarfjárhæðir greiddra framlaga samkvæmt reglum þessum þar sem koma fram sundurliðaðar upplýsingar um viðtakendur, fjárhæðir og verkefni, skv. 3. mgr. 9. gr. samnings um verkefni sam-

kvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dags. 28. september 2012, sbr. grein 6.3 samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar, frá 25. janúar 2007, með síðari breytingum.

9. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar skv. 5. gr. samnings frá 28. september 2012, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, sbr. gr. 6.3 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, frá 25. janúar 2007, með síðari breytingum, og gr. 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, frá 10. maí 2004, með síðari breytingu.

VIÐAUKI III

Verklagsreglur um framkvæmd úttekta vegna framlaga til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um framkvæmd úttekta vegna framlaga til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða, skv. 5. gr. samnings frá 28. september 2012, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, .

Um framlögin sem slík gilda reglur um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða.

Við framkvæmd þessara reglna skal leitast við að ná markmiðum ofangreindra samninga.

2. gr.

Til að standast úttekt vegna jarðræktar þarf að liggja fyrir fullnægjandi túnkort af ræktarlandinu, t.d. úr túnkortagrunni Bændasamtaka Íslands. Túnkortið á að sýna það land sem er grundvöllur að styrkumsókn. Vanda skal til verka þegar ræktunarspildurnar eru hnitaðar inn í þar til gerðan kortagrunn. Kortið skal teiknað í að lágmarki mælikvarðanum 1:3000. Þegar ræktað er aðeins í hluta af túni sem hægt er að vísa í á túnkorti og/eða þegar um nýbrotið land er að ræða sem ekki er til mælt á túnkorti, ber umsækjanda að framvísa fullnægjandi túnkorti sem afmarkar ræktunina.

Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun. Fullnægjandi túnkort er t.d. ekki loftmynd, með áteiknuðum (óprentuðum) útlínum án útreiknaðrar stærðar. Berist umsókn með ófullnægjandi túnkorti skal úttektaraðili upplýsa umsækjanda um það eins skjótt og kostur er og benda viðkomandi á hvar hann getur aflað fullnægjandi túnkorts.

Úttektaraðili sannreynir stærð ræktunar og hvort skilyrði til styrkveitingar eru að öðru leyti uppfyllt. Heimilt er að vettvangsúttekt á ræktarlandi fari einungis fram með tilviljunarkenndu úrtaki, óháð umfangi ræktunar. Uppskera er kvöd.

Styrkhæf ræktun er ræktun grass, korntegunda til dýrafóðurs og manneldis, ræktun olíujurta, þar með talin til lífdíselolíuframleiðslu enda sé hratið nýtt til fóðurs, ræktun grænfóðurs til beitar og uppskeru á því ári sem uppskorið er. Beit búpenings telst vera uppskera sem og nýting kornhálms. Ræktun vetraryrkja sem sáð er um mitt sumar og endurræktun túna er tekin út á uppskeruári. Óstyrkhæf ræktun er kornrækt sem eingöngu er ætluð til að draga að gæsir til skotveiði og önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv.

3. gr.

Til að standast úttekt vegna hreinsunar affallsskurða þarf að liggja fyrir fullnægjandi kort yfir skurði sem sótt er um styrk til að hreinsa. Kortið skal sýna þá skurði sem eru grundvöllur að styrkumsókn. Vanda skal til verka þegar skurðirnir eru hnitaðir inn í þar til gerðan kortagrunn. Kortið skal sýna með fullnægjandi hætti lengd og breidd skurðanna. Greitt er út á hundruð metra og venjulegar reglur um upphækkanir gilda. Framlög má aðeins veita ef heildarlengd er a.m.k. 100 metrar. Breidd skurðanna skal minnst vera 6 metrar að ofan.

Úttektaraðili sannreynir stærð, lengd og breidd skurðar og hvort skilyrði til styrkveitingar eru að öðru leyti uppfyllt. Heimilt er að vettvangsúttekt á skurðum fari einungis fram með tilviljunarkenndu úrtaki, óháð umfangi.

4. gr.

Ár hvert auglýsa Bændasamtök Íslands, t.d. í Bændablaðinu, eftir umsækjendum um framlög vegna jarðræktar og hreinsunar á affallsskurðum. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té, eða á rafrænu formi, eigi síðar en 10. september ár hvert vegna framkvæmda á árinu.

Allar umsóknir og úttektir skulu skráðar í þar til gerðan gagnagrunn. Einnig skulu allar úttektir skráðar og hnittsettar í túnkortagrunn Bændasamtaka Íslands. Skrá skal upplýsingar um ræktunina eins nákvæmlega og unnt er, m.a. tegundir og yrki, ræktunarár, landnúmer þess lands þar sem ræktunin á sér stað og búsnúmer umsækjandans.

Úttektaraðili skal vera starfsmaður búnaðarsambands eða leiðbeiningarmiðstöðvar sem hefur almenna þekkingu á viðkomandi sviði. Sá má ekki gera úttektir á jarðrækt eða skurðum sem hefur leiðbeint um ræktun eða hreinsun skurðanna.

5. gr.

Úttektum skal að jafnaði vera lokið fyrir 15. nóvember ár hvert. Úttektir á framkvæmdum skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember á sama ári eftir að umsókn berst og skulu styrkir greiddir fyrir árslok.

6. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar skv. 6. gr. samnings frá 28. september 2012, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017.

VIÐAUKI IV Verklagsreglur um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt frá 1. janúar 2015 - 31. desember 2015.

Með vísan til 12. gr. reglugerðar um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dagsettum 10. maí 2004, með síðari breytingum, setja Bændasamtök Íslands eftirfarandi reglur um fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna á tímabilinu:

1. gr.

Rétt á álagsgreiðslum vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt eiga handhafar bein-/gripagreiðslna á búum sem uppfylla kröfur Bændasamtaka Íslands um gæðastýrt skýrsluhald.

Handhafi greiðslna skv. 1. mgr. skal vera sá sami og er handhafi beingreiðslna og/eða gripagreiðslna á búinu, nema annað verði ákveðið.

2. gr.

Sú upphæð sem verður til ráðstöfunar á árinu 2015 er ákveðin á grundvelli 12. gr. reglugerðar um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda. Fjárhæðin verður greidd til þeirra sem rétt eiga á greiðslunum, sbr. 1. gr., með þeim hætti sem hér segir:

Jöfn greiðsla sem nema skal 20% af fjárhæð, skv. 1. mgr., greiðist til handhafa greiðslna á búum sem uppfylla kröfur um gæðastýrt skýrsluhald.

Hlutfallsgreiðsla sem nema skal 80% af fjárhæð, skv. 1. mgr., greiðist í réttu hlutfalli við árskúafjölda í þeim mánuði þegar greitt er.

3. gr.

Greiðslutilhögun og skilyrði greiðslna eru sem hér segir:

Upphæðin greiðist með fjórum jöfnum greiðslum í maí, ágúst, nóvember 2014 og febrúar 2015. Til grundvallar hverri greiðslu liggja skýrsluskil síðasta ársfjórðungs fyrir greiðslumánuð ásamt því að skýrsluhaldari þarf að standast kröfur um kýrsýnatökur fyrir allt yfirstandandi verðlagsár. Skýrsluskil þurfa að vera regluleg, þ.e. að skýrslu sé skilað fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Skal vera ein niðurstaða, þ.e. eitt sýni úr hverri mjólkandi kú á búinu tvisvar sinnum á hverjum ársfjórðungi ársins 2014. Niðurstöður kýrsýna þurfa að hafa borist innan 15 daga frá því að ársfjórðungi lýkur. Ef ekki tekst af tæknilegum ástæðum hjá rannsóknastofu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) að greina niðurstöður fyrir einstaka gripi skal taka tillit til þess. Ný skýrsluhaldsbú skulu hafa skráð sig í skýrsluhald og skilað skýrslu reglulega og kýrsýnum fyrir undangenginn ársfjórðung, ásamt því að standast almennar ofangreindar kröfur.

4. gr.

Bú telst skýrsluhaldsbú hafi það verið skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2013. Með nýjum skýrsluhaldsbúum er átt við bú sem ekki voru skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2012, eða hafa haft eigendaskipti á verðlagsárinu 2012 eða seinna.

5. gr.

Greiðslur deilast niður miðað við fjölda þeirra sem standast kröfur þess tímabils sem er til viðmiðunar.

VIÐAUKI V Verklagsreglur um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu.

Reglur þessar fjalla um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu af lið 6.4, „Óframleiðslutengdar og/eða minna markaðstruflandi greiðslur“ í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Kveðið er á um árlega heildarupphæð fjármuna sem eru til ráðstöfunar í reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda, eins og hún er hverju sinni.

1. gr.

Einstaklingur sem er að hefja rekstur kúabús í mjólkurframleiðslu í eigin nafni eða kaupir eða eignast meirihluta í lögaðila eða félagsbúi sem rekur kúabú í mjólkurframleiðslu getur sótt um framlag samkvæmt reglum þessum að fjárhæð allt að 5 milljónir króna við upphaf búskapar. Þá getur lögaðili eða félagsbú einnig sótt um framlag samkvæmt reglunum. Heimilt er að skipta útgreiðslu framlags á tvö ár.

Þá er heimilt að veita framlag til umsækjanda sem eignast meirihluta í lögaðila eða félagsbúi innan tveggja ára frá upphafi fyrstu kaupa hlutafjár í lögaðila eða myndun eignarhluta í félagsbúi, eigi þau sér stað eftir 31. desember 2012.

Einstaklingur eða lögaðili getur aðeins fengið framlag um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu einu sinni á búskapartíð sinni. Hjón og sambýlisfólk teljast einn aðili í skilningi þessara reglna.

2. gr.

Framlög eru veitt til nýliða í mjólkurframleiðslu. Einstaklingur sem uppfyllir neðangreind skilyrði telst nýliði í skilningi þessara reglna:

- Hefur ekki áður verið skráður handhafi beingreiðslna samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu á síðustu átta árum, talið frá 1. janúar þess árs sem umsókn um framlag er lögð inn.
- Hefur ekki lagt inn mjólk eða verið eigandi að félagsbúum eða lögaðilum sem rekið hefur kúabú í mjólkurframleiðslu á síðustu átta árum, talið frá 1. janúar þess árs sem umsókn um framlag er lögð inn.
- Hefur ÍSAT-númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og opið virðisaukaskattsnúmer.

- d) Reiknar sér endurgjald eða er launþegi við reksturinn.
- e) Er aðili að gæðastýrðu skýrsluhaldi í nautgriparrækt og uppfyllir kröfur þess.

Lögaðili eða félagsbú sem uppfyllir framangreind skilyrði í a.-e. lið 1. mgr. telst nýliði í mjólkurframleiðslu en ennfremur mega eigendur lögaðila eða félagsbús ekki hafa verið handhafar beingreiðslna samkvæmt samningi um starfsskilyrði í mjólkurframleiðslu, lagt inn mjólk eða átt eignarhlut í öðrum félagsbúum eða lögaðilum sem rekið hafa kúabú í mjólkurframleiðslu á síðustu áttu árum, talið frá 1. janúar þess árs sem umsókn um framlag er lögð inn.

3. gr.

Þeir sem uppfylla skilyrði 2. gr. og hefja rekstur kúabús mjólkurframleiðslu það ár sem umsókn er lögð inn, geta sótt um framlög, sjá þó 2. mgr. 1. gr. reglnanna. Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té.

Ár hvert, eigi síðar en 15. september, auglýsa Bændasamtök Íslands, t.d. í Bændablaðinu, eftir umsækjendum um framlög vegna stuðnings við nýliðun í mjólkurframleiðslu. Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka Íslands á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té, eða á rafrænu formi, eigi síðar en 15. október ár hvert.

Í umsókn um framlög skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda og búsnúmer. Jafnframt skal umsækjandi leggja fram gögn um að hann hafi ÍSAT-númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og opið virðisaukaskattsnúmer. Þá skal fylgja staðfesting á reiknuðu endurgjaldi eða launaseðlar, staðfest hlutaskrá ef um lögaðila er að ræða og staðfesting á eignarhlutdeild í félagsbúi ef um það er að ræða.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Bændasamtaka Íslands eða með rafrænum hætti fyrir 15. október ár hvert og skal uppgjör hafa farið fram fyrir 31. desember ár hvert.

Bændasamtökum Íslands er heimilt að afla upplýsinga um umsækjanda úr handhafaskrám og skrá yfir þá sem leggja inn mjólk. Bændasamtökum Íslands er einnig heimilt að kalla eftir upplýsingum um aðild að mjólkurframleiðslu frá afurðastöðvum að fengnu samþykki umsækjanda. Þá er Bændasamtökum Íslands heimilt að krefja umsækjanda um önnur þau gögn sem þau telja nauðsynleg vegna afgreiðslu umsóknarinnar.

4. gr.

Bændasamtök Íslands annast afgreiðslu umsókna. Greiðslum er jafnað á umsækjendur með eftirfarandi hætti:

- a) 20% þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru er skipt jafnt á umsækjendur.
- b) 80% þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru, skal greiða með skírskotun til gripafjölda þannig að miðað verði við fjölda árskúa leiðrétt fyrir fjölda skýrsluhaldsmánaða. Þannig fær umsækjandi sem hefur framleiðslu 1. júní og skilar skv. skýrsluhaldi skýrslum fyrir 15 árskýr greitt á: $15/7 \text{ (fjöldi skýrsluhaldsmánaða)} * 12 = 25,7 \text{ kýr.}$
- c) Nýliði fær greiðslur á árskýr í samræmi við eignarhlut sinn í búinu ef um lögaðila eða félagsbú er að ræða.

5. gr.

Láti framlagsþegi af búskap innan fimm ára frá veitingu framlags skal hann endurgreiða framlagið hlutfallslega. Endurgreiðsla framlags skal verðtryggð með sama hætti og greiðslur samkvæmt samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu með síðari breytingum, frá greiðsludegi framlagsins. Bændasamtökum Íslands er heimilt að krefja framlagsþega um upplýsingar til staðfestingar á rekstri og aðild að kúabúi í mjólkurframleiðslu á þessu fimm ára tímabili.

VIÐAUKI VI

Verklagsreglur um framlög til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparsækt.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns sem ráðstafað er til þróunarverkefna af lið 6.4 „Óframleiðslutengdar og/eða minna markaðstruflandi greiðslur“ í samningi um starfsskilyrði mjólkurframlieðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Kveðið er á um árlega heildarupphæð bessara fjármuna í reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda, eins og hún birtist hverju sinni.

2. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu umræddra fjármuna, auglýsir tvisvar á ári eftir umsóknum og úthlutar styrkjum samkvæmt reglum þessum. Umsóknir um styrki skal senda til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Framleiðnisjóður landbúnaðarins úthlutar styrkjum eftir umsóknum.

3. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal leita umsagnar fagráðs í nautgriparsækt um allar umsóknir sem honum berast.

Fagráð í nautgriparsækt leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska nautgriparsækt og falla undir það að vera rannsóknir eða þróunarverkefni í nautgriparsækt.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er óheimilt að afgreiða umsókn ef umsögn fagráðs liggar ekki fyrir. Meðmæli fagráðs er forsenda styrkveitingar.

4. gr.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, rannsóknahópar, háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. og hvernig það gagnast íslenskri nautgriparsækt að öðru leyti.
- Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

5. gr.

Áður en styrkur greiðist út skal umsækjandi staðfesta að fjármögnun verkefnisins í heild hafi verið tryggð, sbr. d-lið 4. gr.

Greiða má allt að 40% af samþykktum styrk til styrkþega þegar verkefni er sannarlega hafið. 20% af styrk má svo greiða þegar áfangaskýrslu hefur verið skilað sem gefur til kynna að framvinda verkefnisins sé a.m.k. 60%. Eftirstöðvar, eða 40% framlags, má þá greiða þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt í fagráði í nautgriparsækt. Framleiðnisjóði landbúnaðarins er þó heimilt að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins krefst þess.

6. gr.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til fagráðs í nautgriparsækt eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hverju það hafi skilað fyrir nautgriparsæktina í heild.

Nr. 1101

5. desember 2014

7. gr.

Styrkveitingar til verkefna þar sem ekki tekst að uppfylla skilyrði þessara reglna um skýrsluskil og lok verkefnis, sbr. 5.-6. gr., innan 12 mánaða frá því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkir fyrirheit um styrk, falla niður.

8. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014